

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Skurðlæknafélag Íslands
hins vegar

gera með sér eftirfarandi

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila með bókunum og fylgiskjölum framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkunir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1.4. 2023: Laun hækka samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflum í fylgiskjali 1.
Samkomulag er um að með þessari hækkun komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. samningsforsendum í kjarasamningi aðila 2019-2023 og telst hann að fullu efndur.

3. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 103.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 56.000 kr.

4. gr.

Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókun, verkáætlun og fylgiskjali, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 12:00 þann 30. maí 2023 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 24. maí 2023

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

f.h. Skurðlæknafélags Íslands, með fyrirvara
um samþykki félagsmanna

Bókun og verkáætlun
með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Skurðlæknafélags Íslands
hins vegar
dags. 24. maí 2023

Bókun

Aðilar eru sammála um að í næstu kjarasamningum skuli stefnt að því að færa launatöflu Skurðlæknafélags Íslands til upphaflegs horfs þannig að bil milli launaflokka og þrepa verði 3%.

Verkáætlun

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Greining og skoðun á skipulagi vinnutíma sbr. kafli 4, þá sérstaklega grein 4.4.2.1	1. júní 2023	30. nóvember 2023

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu kröfur stéttarfélaga liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

Fylgiskjal 1

Launatafla gildir frá 1. apríl 2023.

	1	2	3	4	5	6
300	930.632	958.551	987.307	1.016.927	1.047.434	1.078.857
301	958.297	987.046	1.016.657	1.047.157	1.078.571	1.110.928
302	986.344	1.015.934	1.046.412	1.077.805	1.110.139	1.143.443
303	1.013.718	1.044.130	1.075.453	1.107.717	1.140.948	1.175.177
304	1.041.913	1.073.170	1.105.365	1.138.527	1.172.682	1.207.862
305	1.070.955	1.103.084	1.136.176	1.170.262	1.205.369	1.241.530
306	1.100.867	1.133.893	1.167.910	1.202.947	1.239.035	1.276.206
307	1.131.677	1.165.627	1.200.596	1.236.614	1.273.712	1.311.923
400				1.195.567	1.231.434	1.268.377
401				1.229.034	1.265.905	1.303.882
402				1.263.505	1.301.410	1.340.452
403				1.299.010	1.337.980	1.378.120
404				1.335.581	1.375.649	1.416.918
405				1.373.248	1.414.446	1.456.879
406				1.412.046	1.454.407	1.498.039
407				1.452.008	1.495.568	1.540.435